

Kæri Skólameistari, kennarar, starfsmenn, samnemendur og aðrir gestir

Í dag er stór dagur, dagur sem við höfum öll beðið eftir. Við höfum gengið í gegnum margra ára vinnu, áskoranir, gleði og þrautseigju til að komast hingað. Við erum komin að því sem margir kalla endapunktinn, en við vitum að í raun er þetta aðeins byrjunin. Byrjunin á nýjum kafla í lífi okkar.

Þegar við lítum til baka sjáum við margra ára vinnu, ótal skref sem við höfum tekið saman, hvort sem það hefur verið í verkefnum, eða í samtölum með vinum okkar og kennurum. Hvert og eitt okkur hefur lagt sitt af mörkum, með árangri og mistökum, bæði sem einstaklingar og sem hópur.

Við eigum skilnaðarstund í vændum og við vonum að þessi dagur verði síðar í minningum okkar. Þótt við séum að fara héðan, verður minningin um veruna hér ekki þurrkuð út úr meðvitund okkar. Hér í Laugaskóla höfum við ráðið sjálf yfir okkar eigin tíma og ráðið sjálf okkar vinnubrögðum.

Þó að þetta sé skilnaðarstund þá er þetta líka stund til að huga að framtíðinni. Framtíðin er fortíðinni háð. Hver dagur og hver stund dagsins er undirbúningur komandi tíma. Við erum að stíga út í heim sem er fullur af tækifærum, en einnig áskorunum. Við eigum öll okkar eigin drauma og markmið. Það er ekki öllum ljóst hvað hver og einn ætlar að gera eftir útskrift. En það er engin ein rétt leið. Það sem skiptir máli er að við höldum áfram að læra og vaxa, að vera opin fyrir nýjum hugmyndum og áskorunum, og að taka á móti því sem að framtíðin hefur upp á að bjóða.

Konráð Erlendsson orðaði svo á fyrstu útskriftinni árið 1926:

Til er bók sem við eigum öll, hvernig sem við höfum okkur. Það er dagbók okkar eigin lífs. Sú bók er að vísu ekki með rituðum bókstöfum, en þó stendur þar skráð allt það sem okkur hefur mætt, mismunandi skýrt eftir því, hvaða áhrif það hefur haft á okkur um leið og það fór fram. Þetta er fjársjóður minninganna, sem öllum er svo dýrmætur.

Við erum útskrifuð, okkur tókst þetta. Við höfum tekist á við margs konar verkefni, próf og leyst úr “örvæntingum” á þessum námsárum okkar. Við upplifðum prófkvíða sem jafnaðist á við jarðskjálfta. Fengum ótal magn af skilafrestum á verkefnum sérstaklega hjá Rögnu. Við stóðum líka frammi fyrir stærsta óvini nemandans, vekjaraklukkunni. Hver kannast ekki við það að vakna kl. 09:00 og ætla að kúra aðeins lengur en vaknar síðan 09.45 og hugsa með sér skítt með það, ég sef bara í fyrsta tíma fram til 10.30. Við höfum flest öll sofið yfir okkur, mætt hálf meðvitundarlaus í tíma eða hreinlega ekki mætt og treyst á að vinir okkar segir við kennarana að við séum á leiðinni.

Svo voru það skammirnar sem snérust um bæði hegðun okkar og verkefnaskil.... sem við vorum búin að framlengja þrisvar. Skilafrestir voru orðnir að skamkomulagsatriði milli kennara og nemenda, en svo kom dagurinn sem við loksins kláruðum ekki bara verkefnið heldur ALLT.

Félaglífið á Laugum er það sem gerir skólann okkar einstakan. Á Laugum hefur okkur verið boðið upp á fjölmarga viðburði og tækifæri til að tengjast öðrum og skapa minningar sem verða okkur að góðu í framtíðinni. Þessi samfélag hefur ekki bara verið um nám, heldur einnig um að við fáum að þroskast sem einstaklingar og mynda tengsl sem eiga eftir að endast alla ævi.

Tónkvíslin, okkar eigin söngkeppni, er einn af þeim viðburðum sem við munum aldrei gleyma. Hún er ekki bara keppni, heldur einnig tækifæri til að sýna fram á hæfileika, skapa nýja vináttu og hvetja hver annan til að láta ljós sitt skína. Við viljum sérstaklega þakka Margréti kennara, sem sá um Tónkvísl 2024. Hún hefur verið ómetanleg í að leiðbeina okkur og skapa umhverfi þar sem við gátum öll nýtt okkar hæfileika og sýnt hvað við erum fær um. Margrét, við þökkum þér innilega fyrir alla þína vinnu og stuðning!

Árshátíðirnar hafa einnig verið mikilvægur þáttur í samfélaginu okkar hér á Laugum. Það er ótrúlegt að sjá hvernig við höfum notið þess að sameinast og fagna árinu sem liðnum með góðum félögum okkar.

Það er ekki hægt að tala um félagslífið á Laugum án þess að minnst á Járnbrá, félagsmálafulltrúa okkar, sem hefur verið ómissandi stuðningur fyrir alla sem þurftu á hjálp að halda. Járnbrá hefur verið fyrirmynd í því að hvetja okkur til að vera til staðar fyrir hvert annað, bæði í gleði og erfiðleikum.

Við eigum öll að vera stolt af því sem við höfum lagt í skólalíf og félagslega viðburði sem hafa mótað okkur. Þetta eru minningar sem við munum bera með okkur og nýta þegar við stöndum frammi fyrir framtíðinni.

Við viljum þakka Bensa skólameistara, en þetta allt saman hafði verið ómögulegt án hans. Það er frekar magnað að hugsa um að hann hafi bara verið með okkur síðan í haust, tæpir átta mánuðir er ekki langur tími, en Bensi hefur svo sannarlega gert það sem hann getur til að vera ómissandi og eiginlega besti vinur okkar í skólanum. Við lærðum strax að það er ekkert venjulegt við Bensa, strax á fyrsta skólafundi....

Bensi kom strax inn með opinn faðm og við vissum strax að við gætum alltaf leitað til hans. Þegar við sáum hann fyrst hugsuðum við með okkur þetta verður skrítin breyting. En það tók okkur ekki langan tíma að fatta að Bensi yrði ekki bara skólameistarin okkar heldur okkar besti vinur. Bensi er sá maður sem mætir manni á morgnana og

heilsar alltaf með bros á vör og er alltaf til í spjall. Dyrnar hans eru alltaf opnar fyrir spjall (gamlar sögur og langar samræður).

Hann hefur verið hreinskilin og auðmjúkur eins og maður sem hefur alltaf meiri tíma fyrir okkur en við sjálf gerum. Bensi við viljum segja takk, takk fyrir að hafa ekki bara komið inn sem nýr skólameistari heldur líka fyrir að vera einhvern veginn orðinn okkar besti vinur á þessum stutta tíma. Takk fyrir að gera okkur að betri útgáfum af sjálfum okkur og fyrir að muna alltaf að hlæja með okkur þegar hlutirnir voru að verða of alvarlegir. Við lofum að við munum aldrei gleyma því sem þú hefur kennt okkur og við þökkum þér fyrir að láta okkur líða eins og við erum alltaf velkominn.

En við getum ekki gleymt þeim sem hafa verið með okkur öll þessi ár – okkar ómetanlegu kennurum. Við viljum þakka ykkur innilega fyrir þolinmæðina, eljuna og það hversu mikið ykkur raunverulega er annt um okkur. Það er ekki sjálfgefið að einhver trúir á mann þegar maður á það sjálfur erfitt með það – en þið gerðuð það alltaf. Þið hvöttuð okkur áfram, ýttuð undir forvitni og hjálpuðuð okkur að sjá möguleika þar sem við sáum fyrst og fremst hindranir.

Við viljum einnig koma á framfæri sérstökum þökkum til Halls, áfangastjórans Þú hefur hjálpað okkur með áfangana okkar, hjálpað okkur að fara rétta leið í námi svo við myndum enda hér í dag.

Eygló og Sísí, náms- og starfsráðgjafana okkar. Takk fyrir að vera traust bakland, ekki bara þegar við þurftum að velja fög eða hugsa um framtíðina, heldur líka þegar við þurftum bara að tala – þegar hlutirnir voru erfiðir eða óvissan tók yfir. Þið hafið gert ómetanlega hluti fyrir okkur og það gleymum við aldrei.

Systa er ómissandi þegar kemur að stuði og fjöri, en hún er líka fljót að koma með skammirnar ef við förum út af sporinu, með blöndu af kærleika og ákveðni sem allir kunna að meta.

Olga er hrein orkusprengja sem heldur okkur við efnið með peppi og jákvæðni, ef áhuginn byrjar að dofna, má treysta á hana til að kveikja neistann aftur.

Ásta var miklu meira en bara kennari, í uppeldisfræði og sálfræði. Hún var vinur okkar í skólanum, manneskja sem við gátum alltaf talað við, sama hvað var. Hún gaf sér tíma, hlustaði og sýndi skilning – og það gerði skóladagana hlýrri, léttari og betri.

En áður en við klárum viljum við ekki gleyma þeim sem halda skólanum gangandi allan daginn- fólk sem vinnur oft á bakvið tjöldin en á svo sannarlega stóra þakkaskuld inni hjá okkur öllum. Takk Hjördís fyrir að þvo fötin og skila þeim tandurhreinum og brotinn saman, og passa að við höfum alltaf hreinan þvott. Takk fólkið í mótuneytinu, sem hefur

matað okkur með endalausum úrvali af fiskréttum, súpum og óvæntum bragðsprengjum sem sum okkar muna enn. Takk Solla sem hefur alltaf svarað spurningum okkar, prentað út fyrir okkur, leyst vandamál og brosað. Síðast en ekki síst takk Eva og Kristjana, þið eruð hetjur dagsins, þið haldið skólanum hreinum og snyrtilegum þrátt fyrir skólatöskur á víð og dreif, nammi á gólfinu og einstaka pitsakassa í ruslinu sem enginn viðurkennir að hafa skilið eftir.

Hér stöndum við í dag, með húfu á höfði, bros á vör og framtíðina fyrir framan okkur. Þrátt fyrir svefnleysi, stress, skilafresti, kvíða og kannski aðeins of mikið af orkudrykkjum þá tókst okkur þetta.

Við þökkum kennurunum á Laugum sem héldu ró sinni, leiðbeindu okkur með þolinmæði og minntu okkur reglulega á að þetta er „ekki bara til að skila heldur læra”

Þetta ferðalag okkar hér á Laugum er að ljúka, en minningarnar sem við tókum með okkur, þær lifa áfram. Þessi skóli hefur gefið okkur svo mikið – ekki bara þekkingu og kennslu, heldur einnig vináttu, sjálfstraust og dýrmæta reynslu sem við tókum með út í lífið.

Við vitum ekki nákvæmlega hvert við stefnum næst – en við vitum hvaðan við komum. Og það mun alltaf skipta máli. Takk fyrir samveruna, hlátrana, augnablikin og öll þau skref sem við tókum saman.

Við erum og verðum alltaf hluti af Laugafjölskyldunni. Í dag erum við stúdentar og þó við vitum ekki nákvæmlega hvert við erum að fara þá vitum við eitt: Ef við komumst í gegnum Framhaldsskólann á Laugum þá komumst við í gegnum allt.

Til hamingju með daginn – og gangi ykkur öllum ótrúlega vel.